



Aðalfundur Landsbankans 2025

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn
miðvikudaginn 19. mars 2025 kl. 16:00
í Reykjastræti 6, Reykjavík.

Drög að dagskrá

- Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
- Skýrsla bankastjóra.
- Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
- Tillaga bankaráðs um starfskjara-stefnu lögð fram til samþykktar.
- Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
- Kosning bankaráðs.
- Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
- Kosning endurskoðanda.
- Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
- Heimild til kaupa á eigin hlutum.
- Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16:00, mánudaginn 3. mars 2025.

Endanleg dagskrá aðalfundar og gögn er lögð verða fyrir fundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 5. mars 2025 á vefsíðu bankans, <https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/adalfundur>.

Samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda

á netfangið adalfundur@landsbankinn.is fyrir kl. 16:00, föstudaginn 14. mars 2025. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

Hluthöfum verður boðið að fylgjast með fundinum í streymi og geta þeir nálgast upplýsingar þar að lútandi á framangreindri vefsíðu bankans.

Reykjavík, 27. febrúar 2025
Bankaráð Landsbankans hf.

